

Líður vel í háloftunum

Ívar Atli Sigurjónsson er tvítugur Ísafirðingur sem hefur haft áhuga á flugi síðan hann var barn. Hann stefnir á atvinnuflugnám í haust.

— sjá bls. 16 og 17.



Hannar og þrjónar peysur og fleira

„Ég byrjaði smátt og lét svo verða af þessu. Maðurinn minn teiknaði myndina af jólasveinum en fyrsta verk Bsveinsmade var útsaumsmynd af jólasveinum,“ segir hönnuðurinn Berglind Sveinsdóttir í Hnífsdal.



— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 7. febrúar 2013 · 5. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Blótuðu þorra og léku við seli

Kayakmenn og konur fjölmenntu á þorrablot í Reykjanesi um síðustu helgi. Ferðin var einnig notuð til að róa, m.a. inn Reykjafjörðinn þar sem tugir sela tóku á móti kayakaraðurunum og léku listir sínar. Hjónin Hilmar Pálsson og Guðbjörg Skarphéðinsdóttir létu sig ekki vanta í ferðina enda mikið áhugafólk um kayakróður.



Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband sími: 456 6600



Bátur mánaðarins aðeins
439 kr.



SUBWAY
alltaf ferskt

Opið virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Greiðslur til bæjarfulltrúa og nefndarmanna hafa staðið í stað frá 2009.



Greiðslur standa í stað

Greiðslur til bæjarfulltrúa og nefndarmanna hjá Ísafjarðarbæ hafa staðið í stað samkvæmt minnisblaði Daníels Jakobssonar bæjarstjóra til bæjarráðs. Af einhverjum ástæðum hefur tenging við þingfararkaup verið rofin frá árinu 2009 og hefur Daníel því óskað eftir afstöðu bæjarráðs til þess hvort og þá með hvaða hætti bæjarfulltrúum verði greitt fyrir ferðir á vegum sveitarfélagsins, séu þeir sérstaklega skipaðir til ferðanna. Á árunum 2003-2009 voru greiðslurnar tengdar við þingfararkaup en ekki er til nein formleg samþykkt um að

tengingin skuli ekki vera virk. Í erindi bæjarstjóra er einnig tekið á því hvernig greiða skuli fyrir ferðir á vegum bæjarins en flest sveitarfélög sem greiða fyrir slíkt, greiða annað hvort heila eða hálfu daga auk útlags ferðakostnaðar.

Greiðslur til bæjarfulltrúa eru miðaðar við þingfararkaup frá árinu 2009, sem eru 531.100 krónur á mánuði. Af þeirri fjárhæð reiknast hlutfallsleg greiðsla, 2-8% af þingfararlaunum, eftir eðli starfs eða fundar. Föst laun forseta bæjarstjórnar er 37.500 krónur á mánuði. Greiddar eru 41.600 krónur fyrir fund í

bæjarstjórn. Formaður bæjarráðs fær 37.500 krónur í föst laun og 41.600 krónur fyrir fund í bæjarráði. Bæjarráðsmaður fær 37.500 krónur í föst laun og 20.800 krónur fyrir fund í bæjarráði. Bæjarfulltrúi fær 37.500 krónur í föst laun og 20.800 krónur fyrir fund í bæjarstjórn og 10.400 krónur fyrir fund í nefnd. Formaður nefndar fær 20.800 krónur fyrir fund í nefnd en engin föst laun.

Þingfararkaup hefur hækkað um 15% frá árinu 2009 eða sem nemur 3,5% á ári og var 610.194 krónur í fyrra. Ef greiðslur til bæjarfulltrúa hefðu hækkað í

samræmi við þingfararkaup væru þau eftirfarandi: Föst laun forseta bæjarstjórnar 43.085 krónur á mánuði og 48.816 krónur fyrir fund í bæjarstjórn. Formaður bæjarráðs fengi 43.085 krónur í föst laun og 48.116 krónur fyrir fund í bæjarráði. Bæjarráðsmaður fengi 43.085 krónur í föst laun og 24.408 krónur fyrir fund í bæjarráði. Bæjarfulltrúi fengi 43.085 krónur í föst laun og 24.408 krónur fyrir fund í bæjarstjórn og 12.204 krónur fyrir fund í nefnd. Formaður nefndar fengi 24.408 krónur fyrir fund í nefnd en engin föst laun.

Einungis eru greidd laun til þeirra fulltrúa í nefndum sem bæjarstjórn hefur kjörið til starfa. Bifreiðastyrkur er greiddur til þeirra nefndarmanna sem búa utan Ísafjarðar en þurfa að sækja þangað fundi. Starfsmenn bæjarins sem fá greidda fasta yfirvinnu fá ekki greitt fyrir nefndarstörf. Ekki hafa verið samdar neinar reglur um hvernig greitt er fyrir ferðir bæjarfulltrúa á vegum bæjarins en mörg önnur sveitarfélög greiða fyrir heilan og hálfan dag þegar farið er út fyrir sveitarfélagið á vegum bæjarins.

– *hordur@bb.is*

KPMG

cutting through complexity

Uppgjörsg dagar KPMG

Nú eru uppgjörsg dagar á skrifstofum KPMG um land allt og geta stjórnendur minni og meðalstórra fyrirtækja fengið fast tilboð í gerð ársreiknings og skattframtals.

Jafnframt er hægt að fá tilboð í önnur verkefni eins og bókhald og launavinnslu.

Hringdu í síma 545 6000 eða sendu tölvupóst á uppgjor@kpmg.is og fáðu fast verðtilboð fyrir þinn rekstur.

kpmg.is



BÆTTU SMÁ ORLANDO Í LÍF ÞITT

Verð frá **41.200*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.400 til 7.200 Vildarpunkta aðra leiðina.

Hugurinn getur skoppað víðar en á Skólavörðuholtinu

Einhverju sinni var kveðið kátt þegar vel lá á ungum Reykvíkingum og þeir stytta sér stundir á holtinu upp frá Tjörninni. En langt í suðri, undir skinandi sól, dunar líka fjörið í Orlando og opnast heill ævintýraheimur með skemmtun og upplifun fyrir alla fjölskylduna. „Ofvitanum“ þótti „smúkt“ í grennd við Skólavörðuna – en Orlando slær það allt út.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

   Vertu með okkur

ICELANDAIR





Á þessari mynd má sjá húsið ásamt bílageymslunni.

Vill byggja ellefu íbúða fjölbýlishús á besta stað í bænum

„Ég er nýbúinn að sækja um lóðina og vona það besta. Ég er bjartsýnn,“ segir athafnamaðurinn Guðmundur Tryggvi Ásbergsson, en hann hefur sótt um lóðina Sindragötu 4b á Ísafirði sem stendur gegnt húsnæði 3X Technology, á milli söluturnsins Krílisins og gamla húsnæði Mjólkursamlags Ísafirðinga. Guðmundur hyggst reisa þar nútímalegt íbúðarhúsnæði sem mun rúma ellefu íbúðir á fimm hæðum. Orri Árnason arkitekt hjá arkitektastofunni Zeppelin hefur skilað fyrstu teikningum af húsinu. Að sögn Guðmundar er ekkert víst ennþá, en fái hann lóðinni úthlutað eru allar líkur á því að hafnar verði framkvæmdir innan árs.

Guðmundur segist þó enn vera að skoða markaðinn, þótt margt bendi til þess að mikil eftirspurn sé eftir húsnæði á Ísafirði.

„Vissulega er þetta talsverð aukning á framboði á húsnæðismarkaði ef af verður, en það er ljóst að það þarf að byggja ákveðið stórt ef fara á í framkvæmd af þessu tagi á annað borð,“ segir Guðmundur. „Hugmyndin að húsinu byggir á þeirri staðreynd að það mun standa á mótum íbúðarbyggðar og atvinnusvæðis og eigi sig sjálft. Húsið er hátt og stendur við kjarri vaxin hól.“

Hér er eingöngu um fyrstu skissur Zeppelin arkitekta að ræða og því ekki hægt að greina nákvæmlega frá því hvernig hús-

ið verður, en samkvæmt fyrstu hugmyndum er gert ráð fyrir fjórum hæðum auk inndreginnar þakíbúðar. „Sennilega verða íbúðirnar á bilinu 80-120 fermetrar og þakíbúðin um 200 fermetrar, en þaðan verður útsýni yfir gervallan Skutulsfjörð,“ segir Guðmundur sem áréttar þó að ekki sé víst að af þakíbúðinni verði.

Húsið er fimm hæða, nokkuð hátt, en til þess ber að líta að það verður á mörkum íbúðarbyggðar og atvinnusvæðis og því ekki óeðlilegt að húsið marki þau skil með skýrum hætti. Auk þess er óhætt að fullyrða að hæð hússins muni auka möguleika framkvæmdarinnar, þar sem útsýni verður miklu mun meira en ef gildandi skipulagi væri fylgt og íbúðir því auðseljanlegri en ella.

„Í húsinu verður lyfta, en sérstaklega er gaman að benda á stórar svalir eða sólstofur, en með þeim má kannski segja að verið sé að færa hið sólríka suður í hús á Ísafirði,“ segir Guðmundur. Bílageymsla mun standa austan við húsið og áfast því og verður þannig frá henni gengið að hún mun líta út eins og lítill grasi og kjarri vaxin hæð, eða hóll. Bílastæðin munu að öllum líkindum ekki verða opin eins og almennt tíðkast heldur er fyrirhugað að stúka þau af og má því segja að um innanhúss bílskúra verði að ræða.



„Ég sé enga ástæðu fyrir því að það ætti ekki að byggja nýbyggingar á Ísafirði, og þaðan af síður á eyrinni. Er þetta ekki einn eftirsóttasti staður landsins?“ spyr Guðmundur léttur í bragði,

enda bjartsýnn fyrir hönd Ísafjarðar. Þess má einnig geta að Zeppelin arkitektar tóku á sínum tíma þátt í samkeppninni um Grunnskólann á Ísafirði og keypti Ísafjarðabær tillögu þeirra. Á

meðfylgjandi myndum má sjá hvernig fyrstu teikningar húsnæðisins líta út. Áætlað er að bílakjallarinn snúi til móts við húsnæði 3X Technology, og verði þakinn grasi. – gudmundur@bb.is



Ódýrt

399 kr pk

Frosið rötargrænmeti 750g
frá Coop

...sjá uppskrift

Fljótlegt og gott með saltkjötinu!

“Uppstúfur með rötargrænmeti”



verð áður 2.197 kr

Úrvals lambasaltkjöt 1.999 kr/kg

úr kjötborði eða pakkað ferskt



56% afsláttur

verð áður 544 kr

239 kr kg

Saltaðir síðubitar
frá Kjötseli

...sjá uppskrift

“Sveppasósa með dijon-sinnepi basilíku og hvítvíni”



28% afsláttur

verð áður 1.789 kr

Lambalæri 1.288 kr/kg

frá Kjötseli



50% afsláttur

verð áður 1.598 kr

799 kr kg

Frosnar kalkúnabollar

...sjá uppskrift

“Rjómalöguð lúðusúpa”

samkaupurval.is



25% afsláttur

verð áður 3.298 kr

Stórlúða frosin 2.474 kr/kg



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
 Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamenn: Guðmundur B. Þorbjörnsson, guðmundur@bb.is
 Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Litla heimsborgin

Enginn vafi leikur á að „hin nýja Eyri við Skutulsfjörð“ getur tekið við umtalsverðri fólksfjölgun og nýjum fyrirtækjum, sagði í leiðara BB í sept. 2005. Þá var unnið að gerð nýs deiliskipulags hafnarsvæðisins. Fjórum árum síðar kom fram í drögum að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2008 – 2020, að hagkvæmasti kosturinn væri þétting byggðar. Saga byggðar á Eyri við Skutulsfjörð er full frásagna um framsýni og áráði íbúanna til sóknar fyrir betri bæ. Ummæli útlinga nútímans, um „heimsborgarablæ“ á þessum litla, fallega bæ á hjara veraldar, segja meira en mög orð.

Gífurlegir landvinningar hafa átt sér stað og eyrin í dag í engu lík því takmarkaða landrými, sem fólst í fyrri tíma Suðurtanga. Við eigum að leggja metnað okkar í að nýta eyrina til fulls og gera það með þeim hætti að vel fari saman nýtt og gamalt, var viðhorf BB í febr. 2009. Þessi afstaða er óbreytt. Nú virðist uppi stemming fyrir eins konar „miðbæ“ í Suðurtanga, neðan Ásgeirsgötu; blandaðri byggð íbúða og þjónustu. Ef til vill má orða það svo að Ásgeirsgata sé á landamærum þess gamla og nýja.

Vel skal vanda sem lengi á að standa. Öðru fremur á þetta við um skipulag bæjarfélaga. Skipulagsmistök eru dýrkeypt; í fæstum tilfellum leiðréttanleg. Þess vegna ber að fara með gát; en, aðgát er annað en aðgerðarleysi. Umsóknir á borð við þá sem Guðmundur Tryggvi Ásbergsson, hefur lagt fram um lóð undir fjölbýlishúsi við Sindragötu, athafnamanns sem staðið hefur fyrir endurgerð á Norska bakaríinu, og bíður eftir heimild fyrir byggingu 20 lítilla sumarhúsa í Tungudal, mega ekki undir neinum kringumstæðum lenda í aðgerðarleysiskörfunni. Séu vandkvæði uppi verður að leita lausna. Þörfin fyrir aukinn drifkraft í framkvæmdir í bæjarfélaginu er aðkallandi. Vonandi á eins konar miðbæjarkjarni eftir að verða til í Suðurtanganum, „gamli bærinn“ að breiða úr sér um alla eyrina. Kannski verður þá „kaupmaður á hverju horni“?

Svæðisbundin flutningsjöfnun er eflaust búbót fyrir 3X Technology, fyrirtæki sem greiðir nokkra tugi milljóna í aukaflutningskostnað á ári vegna fjarlægðar frá millilandahöfn, kostnaðar sem varð til eftir að sjóflutningar voru lagðir niður, og sem dregið hefur úr samkeppnishæfni fyrirtækisins. Skref stjórnvalda er í rétta átt. Réttlætningu verður hins vegar ekki fullnægt nema að taka upp fyrri háttu. 300 þúsund krónur, per gám, Ísafjörður - Reykjavík, til þess eins að koma framleiðslunni í millilandahöfn, er gróf mismunun og einokun. Ef stjórnmöldum er einhver alvara í því að viðhalda byggð í landinu verða þau að taka til hendinni. Láta verkin tala.

s.h.

Spurning vikunnar

Mun niðurstaða Icesave hafa áhrif á hvað þú munt kjósa í alþingiskosningunum í vor?

Alls svöruðu 844.

Já sögðu 209 eða 25%

Nei sögðu 581 eða 69%

Hlutlausir voru 54 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Reglulegar áætlunarferðir milli Ísafjarðar og Súðavíkur

„Þetta er mikið gleðiefni og það verður ánægjulegt að sjá hvort þetta gangi vel. Við bindum miklar vonir við þetta nýja fyrirkomulag,“ segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík, en frá og með 25. janúar hófust reglulegar áætlunarferðir á milli Súðavíkur og Ísafjarðar. Þrjár ferðir verða farnar á dag, alla virka daga. Áður hefur verið reynt að halda uppi áætlunarferðum á milli bæjanna, en ekki gengið. Ómar segist vona að með breyttu fyrirkomulagi verði breyting þar á. „Nú verður einungis ekið ef ferð er pöntuð að lágmarki tveimur tímum fyrir áætlaða brottför og fyrir kl. 17.00 vegna ferðar morguninn eftir,“ segir Ómar.

Ómar segir mikla ánægju ríkja með nýtt fyrirkomulag, en Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur milligöngu með verkefninu. „Vegagerðin hafði áður umsjón með þessum ferðum en ekki tókst að byggja upp trúverðugleika og traust á þeim ferðum. Stundum



Súðavík.

var farin ferð sem enginn vissi af og einnig kom það upp að einhver vildi fara og þá var engin ferð farin,“ segir Ómar, en verkefnið er styrkt af stjórnmöldum.

Samið hefur verið við Friðfínn Sigurðsson rútblástjóra um að taka aksturinn að sér. Ómar bindur miklar vonir við að íbúar og fyrirtæki í Súðavík og á Ísafirði

nýti sér þjónustuna. „Verðið er ekki nema 350-400 krónur fyrir ferðina og því nær þetta ekki einu sinni upp í bensínkostnaðinn á milli. Þetta eru góðar fréttir fyrir íbúana á svæðinu.“ Farið verður frá Ísafirði kl. 7.00, 12.00 og 16.45 á hverjum degi, og frá Súðavík 7.35, 12.35 og 17.20.

– guðmundur@bb.is

Skortur á leikskólaplássi

„Eins og við sjáum þetta núna er vöntunin næstu tvö árin um það bil 10-20 pláss og ætlum við okkur að standa við það að bjóða öllum 18 mánaða börnum og eldri upp á leikskólapláss. Sé horft á yngri árganga virðist þörfin svo minnka aftur eftir tvö ár, nema að okkur fjölgi verulega. Þar af leiðandi erum við að leita að tímabundinni lausn að minnsta kosti eins staðan er núna,“ segir Daníel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar aðspurður hvort vöntun sé á leikskólaplássi í bænum.

Ísafjarðarbær stefnir að því að öll börn 18 mánaða og eldri eigi kost á leikskólaplássi en nú stefnir í að allt að 10 börn á þeim aldri muni ekki komast inn á leikskóla næsta haust. Sá fjöldi kemur

líklega til með að aukast en vilji er fyrir því að finna viðeigandi lausn á málinu. Bæjarráð fer því fram á að gerð verði úttekt á þeim möguleika að opnuð verði leikskóladeild fyrir fimm ára börn í húsnæði sundlaugarinnar á Ísafirði eða annars staðar.

„Bæjarráð Ísafjarðarbæjar óskar eftir því að skóla- og tómsundasvið geri nú þegar úttekt á möguleika þess að opnuð verði leikskóladeild fyrir fimm ára börn í Skutulsfirði, en góð reynsla er af slíkum deildum m.a. í Mosfellsbæ og Reykjavík,“ segir í bókun bæjarráðs þann 28. janúar síðastliðinn. Daníel telur raunhæft að opna nýja leikskóladeild í Skutulsfirði. „Já, ég tel að lausnin sé til staðar og a.m.k. tvær

staðsetningar eru álitlegar. Nú verður málið sett í hendur bæjarstjórnar til að taka ákvörðun. Þetta er spurning um fjármagn en kostnaðurinn er um 15 milljónir króna á ári,“ segir bæjarstjóri.

Ekki eru nema fimm börn í vistun hjá dagforeldrum á Ísafirði í dag að sögn bæjarstjóra en þeim fer ört fjölgandi fram á vor þar sem ný börn eru ekki tekin inn á leikskóla fyrr en þá, að öllu óbreyttu. „Við höfum reynt að koma til móts með auknum niðurgreiðslum til foreldra með börn hjá dagforeldrum en viljinn er að sem flestir geti komið börnum sínum inn á leikskóla og það er það sem við ætlum okkur að leysa,“ segir Daníel Jakobsson.

Böllin í Gúttó á fjalirnar

„Við ætlum að henda upp léttu „söngsjóvi“ eins og oftast er gert á vorin. Það átti að vera eitthvert ákveðið þema og í ár er verið að taka fyrir böllin í Gúttó frá tímabilinu 1947 - 1984 gróflega áætlad. Við ætlum að rifja upp hljómsveitirnar sem voru eins og Villi Valli, Ásgeir og félagar og BG. Við erum búin að vera að hitta einhverja af þessum körlum og það eru ansi margir sem hjálpa okkur í þessu. Svo verður sprell milli laga eins og vant er,“ segir

Steingrímur Rúnar Guðmundsson formaður Litla leikklúbbsins á Ísafirði.

Gamlir LL félagar skrifa handritið og verið er að velja lög sem fólk þekkir frá böllum á tímabilinu. Það er verið að klára söngvaramálin. „Okkur vantar alltaf góða söngvara ef einhver liggur í leynum. Verið er að klára að mynda hljómsveit til að spila löginn,“ segir Steingrímur en það hefur verið mjög vinsælt og vel sótt að taka svona „söngsjóv“ á vorin

að sögn Steingríms.

Æfingar fara fram í Edinborgarhúsinu þar sem verkið verður frumsýnt 23. mars næstkomandi. Nokkur fyrirtæki styðja á bak við Litla leikklúbbsinn til að gera svona sýningar að veruleika. „Við vorum að fá styrk frá Orkuþúi Vestfjarða og Landsbankinn var að styrkja okkur líka. Það eru oftast sömu aðilarnir sem styðja við okkur og hefur gengið mjög vel,“ segir Steingrímur.

– hordur@bb.is



ÁVÍSUN Á ÁNÆGJU

Þessa dagana færð þú ásamt 20.632 öðrum tjónlausum og skilvísium **viðskiptavinum í Stofni hluta af iðgjöldum síðasta árs endurgreidd**

ÞÚ INNLEYSIR ENDURGREIÐSLUNA ÞÍNA Á **SJOVA.IS**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

Vantar þig aðstoð?
Hringdu og við aðstoðum þig við að innleysa tékkann.

440 2000

SJÓVÁ

STOFN



Á þessari mynd má sjá Holtastíg 15 í Bolungarvík, en ásett verð þessa 417 m² einbýlishúss er tæpar 35 milljónir króna.

Dýrustu húsin í Bolungarvík

Fasteignasala Vestfjarða er eina starfrækta fasteignasalan á Vestfjörðum, og sé verðskrá þeirra húsa sem eru þar til sölu skoðuð, má fá nokkuð raunsanna mynd af húsnæðismarkaðnum á Vestfjörðum. Dýrustu húsin á Vestfjörðum eru flest á Ísafirði, en ellefu fasteignir með ásett verð 20-30 milljónir króna eru til sölu á Ísafirði. Engu að síður eru tvö

dýrustu húsin sem eru til sölu á Vestfjörðum við Holtastíg og Vitastíg í Bolungarvík. bb.is kannaði verð á þeim fasteignum sem eru til sölu á Vestfjörðum eftir bæjarfélögum og óhætt er að segja að hægt sé að fá myndarlegt einbýlishús á Vestfjörðum fyrir brotabrot af þeirri upphæð sem sambærilegt húsnæði kostar á höfuðborgarsvæðinu.

Sem fyrr segir eru tvær dýrustu fasteignirnar sem eru til sölu á Vestfjörðum í Bolungarvík. Hin dýrari er 417 fermetra einbýlishús við Holtastíg 15, en ásett verð hússins er tæpar 35 milljónir króna. Húsið er á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr, og þykir hið glæsilegasta. Öllu ódýrara er 229 fermetra einbýlishús við Vitastíg 10 í Bolungarvík, en

ásett verð er tæpar 30 milljónir króna. Húsið er mikið endurnýjað, en því fylgir einnig bílskúr. Ódýrasta húsið til sölu í Bolungarvík stendur við Hafnargötu 7, en það er 86 fermetra þriggja herbergja íbúð. Ásett verð er 6,9 milljónir króna.

Dýrasta eignin sem er til sölu á Ísafirði er 318 fermetra einbýlishús við Seljaland, en ásett verð hússins er 27,5 milljónir króna. Í húsinu eru sjö svefnherbergi, en tæplega 70 fermetra íbúð er á neðri hæð hússins sem hentar vel til útleigu. Næst dýrasta eignin til sölu á Ísafirði er 190 fermetra einbýlishús í Hafraholti. Ásett verð hússins er 25,7 milljónir króna, en húsið þykir hið glæsilegasta bæði að innan sem utan.

Á Ísafirði er þó einnig hægt að festa kaup á talsvert ódýrara húsnæði, en á ódýrasta húsnæðið í bænum eru settar 5,5 milljónir króna, en það er 52 fermetra íbúð í Pólgötu. Á sama verði má finna þriggja herbergja íbúði á neðstu hæð þrjúbýlishúss við Sólögötu á Ísafirði. Í Hnífsdal er Skólavegur 1 til sölu, 80 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum, fyrir sama verð. Ásett verð dýrustu fasteignarinnar í Súðavík er hvorki meira né minna 25 milljónir króna. Um ræðir 200 fermetra einbýlishús á einni hæð með öllum helstu nútímapægindum.

Á Flateyri eru átta fasteignir til sölu, allt íbúðarhúsnæði. Dýrasta eignin til sölu á Flateyri er 206 fermetra einbýlishús við Drafnargötu 14, með fjórum svefnherbergjum. Ásett verð hússins er 13,5 milljónir króna. Ódýrasta húsið til sölu á Flateyri er þriggja herbergja einbýli úr timbri við Brimnesveg. Húsið er 112 fermetrar, og er ásett verð 6 milljónir króna. 238 fermetra einbýlishús við Grundarstíg 2 er

einnig til sölu, en óskað er eftir tilboðum í húsið. Húsið er sjö herbergja, þar af eru fimm svefnherbergi. Fasteignamat hússins er 9,8 milljónir króna.

Dýrasta húsið á Suðureyri sem Fasteignasala Vestfjarða er með til sölu kostar 15 milljónir króna. Um er að ræða 138 fermetra einbýlishús við Túngötu. Ódýrasta eignin á Suðureyri er hinsvegar sú ódýrasta á hjá Fasteignasölu Vestfjarða, en það er 89 fermetra steinsteypt einbýlishús við Hjallaveg 2. Ásett verð er 4,5 milljónir króna.

Á Þingeyri eru fimm eignir á söluskrá, þar af eitt iðnaðarhúsnæði. Dýrasta eignin er 90 fermetra parhús við Aðalstræti, sem á er sett 7,5 milljónir króna. Næst dýrasta eignin er 100 fm íbúð í fjórþýli við Hlíðargötu 37, en ásett verð á íbúðinni er 7 milljónir króna. Falar fasteignir á Þingeyri eru allar í svipuðum verðflokki, en ásett verð á hinum íbúðunum sem um ræðir eru 5,5 milljónir króna og 5 milljónir króna.

Á Patreksfirði eru þrjár eignir til sölu. Dýrasta eignin er Aðalstræti 37, 229 fermetra einbýlishús sem sett er á 14 milljónir króna. Öllu ódýrari er 85 fermetra íbúði við Stekka 13, en ásett verð hennar er 6,2 milljónir króna. Núverandi skrifstofuhúsnæði Vesturbyggðar við Aðalstræti 63 er einnig til sölu, en verð er ekki uppgæfið.

Að sögn Guðmundar Óla Tryggvasonar hjá Fasteignasölu Vestfjarða er venjan sú að dýrustu húsin á Vestfjörðum séu á Ísafirði, en húsnæði í Bolungarvík hafi verið að sækja í sig veðrið að undanfögnu. Hafa ber í huga að þessi listi er ekki tæmandi, þar sem talsvert er um óskað sé eftir tilboðum í fasteignir hjá Fasteignasölu Vestfjarða.

– gudmundur@bb.is

20% aukaafsláttur

af öllum útsöluvörum
Úrval af fatnaði og skóm
Komið og gerið góð kaup

Hafnarbúðin

456-3245

Opið virka daga 9-18

Laugardaga 11-14

<http://www.facebook.com/hafnarbudin>



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



BLANDAÐ SALTSKERT-SALTKJÖT



ISLANDS LAMB
998
KR. KG

ÍSLANDSLAMB: BLANDAÐ SALTKJÖT SALTSKERT

Gott verð
í Bónus



195
KR. KG

ÍSLENSKAR GULRÓFUR

298 KR. KG	1898 KR. KG	498 KR. KG	1798 KR. KG	598 KR. KG
KJÖTVINNSLA AKUREYRAR SALTÆDIR SÍÐUBITAR	SLÁTURFÉL. SUÐURLANDS VALIÐ SALTKJÖT	KJARNAFÆÐI SALTKJÖT BLANDAÐ 2. FL	KJARNAFÆÐI VALIÐ SALTKJÖT	BÚRFELL BLANDAÐ SALTKJÖT

Gott verð
í Bónus

BOLLUDAGUR 11 FEB.
SPRENGIDAGUR 12 FEB.

Gott verð
í Bónus

259 KR. STK	398 KR. STK	295 KR. STK	198 KR. 250ml
KJARNA SULTUR 400gr	SÍRIUS KONSUM SÚKKULÁÐI 300gr	GÓÐ-KAUP SÚÐUSÚKKULÁÐI 300gr	EUROSHOPPER PEYTIRJÓMÍ 250ml

398 KR. 14 STK	268 KR. 400ml	198 KR. 280gr
BÓNUS TILBÚNAR VATNSDEIGSBOLLUR 14 STK.	BÓNUS RJÓMI 400ml	BÓNUS BOLLUGLASSÚR

BONUS EKKERT BRUÐL


Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Miðbæjarstemning á Suðurtanganum?

Ísafjarðarbær vinnur þessi misserin að skipulagningu lands neðan við Ásgeirsgötu á Ísafirði. Stór hluti svæðisins er á landfyllingu en aðeins vestasti hluti þess er hinn upprunalegi Suðurtangi. Skipulagssvæðinu er ætlað fyrir blandaða byggð þjónustu og íbúða, en alls er gert ráð fyrir 65 lóðum á svæðinu, þar af 59 nýjum. Jafnframt er gert ráð fyrir öflugum útivistarsvæðum fyrir íbúa svæðisins og gönguleiðum sem tengja svæðið við efri hluta eyrarinnar. Samkvæmt teikningu sem Ísafjarðarbær lét gera er óhætt að fullyrða blómleg byggð með miðbæjarstemningu gæti risið á Suðurtanga.

Jóhann Birkir Helgason sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar segir að hugmyndin sé sú að fjölbreytileiki í stíl við gömlu byggðina á eyrinni



Á þessari mynd má fá nokkuð greinargóða hugmynd um hvernig skipulagshópurinn sér fyrir sér framtíðarbyggð á Suðurtanga. Teikning: Ómar Smári Kristinsson.

smáar

Vantar 4ra herb. íbúð á Ísafirði. Er með tvo stráka og einn hund (góðan). Er reyklaus og lofaskilvisum greiðslum. Uppl. gefur Sigrún Eiríks í síma 898 2181.

Óska eftir reiðhjól, helst fjallahjól á bilinu 10-90 þús. Uppl. í síma 844 6248.

Til sölu eru vel með farnar kojur (190x70) og Siemens þvottavél. Uppl. í síma 891 6381.

Þorralót Grunnvíkinga verður haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal 9. febrúar. Húsið opnar kl. 19:30 og blótið byrjar stundvíslega kl. 20:30. Miðapantanir hjá Sigrúnu í síma 862 3761, Huldu í síma 690 3118 og hjá Gerði í síma 869 3134.

eigi að ráða för. „Við erum ekki að leita eftir nýju Holtahverfi, heldur miklu frekar götum sem eru í stíl við Pólgötu og Silfurgötu og gamla miðbæinn á Ísafirði. Fjölbreytileikinn á að ráða för. Við viljum ekki húsalengjur með flötum þökum,“ segir Jóhann Birkir, en áhersla er lögð á smágerða byggð sem bera muni einkenni eldri byggðarinnar á Ísafirði. „Hafa ber þó í huga að hér er um að ræða drög að deiliskipulagi sem ekki er enn búíð að auglýsa,“ segir Jóhann Birkir. Ómar Smári Kristinsson teikn-

aði skipulagið fyrir Ísafjarðarbæ. „Þetta er auðvitað gróft áætlað og við gáfum honum frjálsar hendur. En þetta sýnir nokkurn veginn þá byggð sem við höfum í huga. Neðar á tanganum má sjá iðnaðarsvæði sem við áætluð að risi líka,“ segir Jóhann Birkir, en eins og sjá má á myndinni stendur einnig til að stækka hafnarkantinn. Skipulag þess svæðis verður sett fram í tveimur aðskildum deiliskipulögum sem verða unnin samhliða. Skipulagssvæðið sem um ræðir nær yfir helsta nýbyggingsvæðið á eyrinni á Ísafirði,

en nokkur starfsemi er á svæðinu í dag. Stór hluti skipulagssvæðisins er flöt landfylling. Vestasti hluti þess er þó hinn upprunalegi Suðurtangi og þar er að finna einu upprunalegu fjöruna sem eftir er á eyrinni.

Í greinargerð nefndar sem vann skipulagið kemur fram að landið liggja afar lágt og sé því viðkvæmt fyrir hækun sjávar. Þekkt er að sjór flæði á land þegar hásjávað er og vestlægjar vindáttir eru sterkar. Sól á skipulagssvæðinu er með mesta móti miðað við Skutulsfjörð. Landið liggur til-

tölulega langt frá fjöllum og nýtur því sólar við, frá morgni og fram eftir kvöldi. Svæðið er fremur lítið gróið enda samanstendur það af fjörukambi og fyllingum.

Meginmarkið deiliskipulagsins samkvæmt greingerð er að skapa rými fyrir íbúðarbyggð þar sem gæðin byggjast á góðu aðgengi að sjó og aðstöðu fyrir sjóspport, sem og nálægð við miðbæ og þjónustu. Jafnframt er markmiðið að efla umhverfi minja sem eru á svæðinu og tryggja vernd þeirra.

– gudmundur@bb.is

JJ Evró sveitin 0 stig!

Undanfarin fjögur ár hafa Íslendingar haft eins konar Evróvision í gangi. Ríkisstjórn Jóhanns og Jóhönnu hefur lagt sig fram um að Ísland lagi sig að Evrópusambandinu í samræmi við aðildarumsókn, sem þau samþykktu bæði ásamt flokkssysteminum sínum í Vinstri grænum og Samfylkingu. Lengi var okkur kjósendum talin trú um að um könnunarviðræður væri að ræða. En í ljós er komið að svo er ekki. Það eru víst ekki til neinar slíkar í Evrópusambandinu. Ríki sækir annað hvort um aðild eða ekki. Icesave málið virðist hafa verið angi af þessu ferli. Allt hefur verið gert til að stýggja ekki Evrókrata svo ekki hlaupi snurða á þráðinn. Jóhanna forsætisráðherra hefur aldrei dregið dul á það að hún vill íslenska ríkið inn í samband þjóða Evrópu. En við erum í Evrópu. Ekki slitu Jóhann og Jóhanna stjórnmalasambandi við breska ríkið, þótt hið íslenska væri á hryðjuverkalista Gordon Brown fyrrum forsætisráðherra Breta, sem Ólafur Ragnar forseti skammaði svo skemmtilega í Davos í Sviss um daginn, Jóhönnu og Jóhanni til armæðu.

Fullnaðarsigur íslenska ríkisins fyrir dómstóli EFTA þegar Eftirlitsstofnun EFTA fór með það fyrir dóm með meðalgöngu Evrópusambandsins hefur sýnt og sannað að meðan Ísland er fullvalda ríki eru því allir vegir færir. Að auki undirstrikaði dómurinn

að fullvalda ríki verður ekki látið bera ábyrgð á óráðsúskuldum óreiðumanna, þótt þeir séu ríkisborgarar þess. Enginn hefur enn reiknað út hversu miklu íslenskir skattborgarar hefðu þurft að fórnast af skatttekjum sínum hefði Jóhanni og Jóhönnu tekist ætlunarverk sitt með aðstoð Svavars Gestssonar áður formanni Alþýðubandalags og samherja Jóhanns. En þjóðin hafnaði verkum þeirra tvívegis í þjóðaratkvæðagreiðslu, fyrst 6. mars 2010 og síðar 9. apríl 2011. Í bæði skiptin var það forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem skaut málinu til þjóðarinnar. Í fyrria sinnið voru rúm 98% á móti og hið seinna um 60%. Stjórnarfrúin og –herrann skömmuðu þá meirihlutann.

Á ensku myndi JJ Evró sveitin heita „Jay Jay Euro Band“. Íslendingar hafa verið á „góðri“ leið að vinna Evróvision söngvakeppnina árlega síðan 1986, en þá var það Icy, kennt við Ísland upp á ensku, sem lenti í 16. sæti. Þjóðin varð þá bæði döpur, leið og reið. En hún réði engu. Nú má segja að þjóðin hafi hafnað JJ Evró sveitinni. Tónvissir pólitíkusar segja ef til vill að sú sveit sé ekki lagviss. Lögviss er hún ekki eins EFTA dómstólinn sannaði. En JJ Evró nær ekki einu sinni Gleðibanka Icy. Hún myndi sennilega ekki fá nokkurt stig lengur þótt hún hafi fórnað öllu fyrir þá Evróvision sem þjóðin hefur fylgst með síðustu fjögur ár.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



SUBARU

Confidence in Motion

VESTFIRÐINGAR ATHUGIÐ

Nýr sparneytinn Subaru XV

Notar aðeins **6,6 l/100 km** í blönduðum akstri



Subaru XV sjálfskiptur
Verð 5.590.000,-

Fjór hjóladrífinn
CO₂ 153 g/km
Veghæð 22 cm
Bakkmyndavél

Vél 2,0 lítra 150 hestöfl
Eyðsla 6,6l/100km í blönduðum akstri

Í beinni tengingu við borg og náttúru.

Við fyrstu sýn gefur augaleið að Subaru XV er einstaklega vel hannaður bíll, bæði með tilliti til borgaraksturs sem og aksturs á torfærnustu malarvegum landsins. Útlitið er stórfenglegt í alla staði sem gefur bílnum glæsilegt yfirbragð og veghæðin, sem er gríðarleg, gerir hann færán í flestan sjó við erfiðar aðstæður.

Verið velkomin í reynsluakstur á nýjum Subaru XV



Nýja BOXER vélin í Subaru XV er sú sparneytnasta sem þeir hafa boðið upp á hingað til. Með nýrri nýtingartækni sem er í Subaru XV er hægt að treysta á lægri eldsneytiseyðslu þrátt fyrir að Subaru XV sé með sitengt aldrif. Subaru XV er með 22 cm veghæð sem gerir hann sérstaklega góðan í snjó og á erfiðum vegum.





„Langaði bara í svona peysu sjálf“

„Ég byrjaði smátt og lét svo verða af þessu. Maðurinn minn teiknaði myndina af jólasveinunum en fyrsta verk Bsveinsmade var útsaumsmynd af jólasveinunum. Fólk getur keypt myndirnar og saumað þær og notað í púða eða hvað sem er. Ég tók eftir því að það var ekki til neitt svona íslenskt, en við ætlum að hanna útsaumsmynd af öllum jólasveinunum, Grýlu, Leppalúða og jólakettinum,“ segir Berglind Sveinsdóttir prjónakona í Hnífsdal sem hefur verið að hanna og vinna prjónavörur og ísaum undir merkinu Bsveinsmade. Hún hefur haldið áfram að hanna og er komin með lopapeysur, húfur og fleira að auki með íslenskum og vestfirskum blæ. Bæjarins besta tók hana tali á dögnum til að fræðast meira um þetta áhugaverða framtak.

Hver er Berglind?

„Ég heiti Berglind Sveinsdóttir og er fædd og uppalin á Akranesi. Mamma og systur mínar prjóna líka og ég byrjaði að prjóna ung. Ég var

þrettán eða fjórtán ára þegar ég hannaði fyrstu peysuna mína sem var svona hreindýr sem ég prjónaði fyrir vinkonu mína,“ segir Berglind sem ólst upp við að prjónaskap og heklaði og prjónaði á dúkkurnar sínar þegar hún var yngri.

Berglind flutti til Ísafjarðar árið 1979 en hún hætti snemma í skóla og hefur unnið mikið sem verkakona og við fiskvinnslu. Hún ætlaði að stoppa stutt við á Ísafirði en hefur í lengst. „Ég ætlaði ekki að vera héra lengi, ætlaði að vera í eitt ár. Ég kom og fór, kom hingað aftur 1989 eftir að hafa flakkað fram og til baka milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Ég kynntist manningnum mínum hér, Pálma Ólafi Árnasyni, átti tvö börn með honum og er ekki ennþá farin. Hann er með góða vinnu á svæðinu svo við búum hér bara áfram,“ segir Berglind.

Byrjaði allt á jólasveinum

„Ég byrjaði fyrst með jólasveinana, langaði að gera eitthvað íslenskt. Það eru til danskir jólasveinar og við

Íslendingar erum ekkert að monta okkur af okkar þrettán jólasveinum. Maðurinn minn teiknar jólasveinana. Þetta eru þokar með efni; garni, nál og mynd sem þú saumar í. Ég hugsaði þetta sem litlar myndir en fólk getur gert hvað sem það vill við þetta, notað þetta í púða eða hvað sem er. Þetta er með ljóðum um jólasveinana eftir Jóhannes úr Kötlum,“ segir Berglind en fyrsta verkefni Bsveinsmade var að útbúa ísaumasett með íslensku jólasveinunum en Berglind sá greinilega gat í markaðnum sem hún ákvað að fylla upp í með sinni eigin íslensku hönnun.

„Ég byrja á Stekkjarstaur og Giljagaur og held svo áfram með alla jólasveinana, tvo á hverju ári. Svo verða gerðar diskamottur líka. Seinna meir geri ég gardínur þegar allir jólasveinarnir eru komnir og Grýla og Leppalúði og jólakötturinn. Dúka líka, svona löbera sem konur hafa rosalega gaman að því að sauma út,“ segir Berglind.

Hvernig kom Ísafjarðarpeysan til?

„Mig langaði bara í svona peysu sjálf með Ísafjarðarmerkinu og byrjaði að hanna hana fyrir fjórum til fimm árum. Mig langaði að gera Ísafjarðarpeysu fyrir rokkhátíðina Aldrei fór ég suður og hugsaði að það væri líka gaman á ættarmótum að sjá hver er frá Ísafirði og Vestfjörðum. Þetta snýst um að vera stoltur af því hvaðan þú ert,“ segir Berglind um innblásturinn að peysunni en hún hefur selst ógættlega og fengið mjög jákvæðar viðtökur.

„Ég byrjaði síðan að selja þær í fyrri undir merkinu Bsveinsmade. Fólk er svona að uppgötva þetta, sérstaklega Ísfríðingar. Dýrasta peysan kostar 21.900 krónur og flestir telja að það sé ekki svo mikið. Hægt er að fá peysur í hvaða lit sem er en munstrið verður að halda sér þar sem litirnir í Ísafjarðarmerkinu eru alltaf þeir sömu. Þetta eru íslensku fánalitirnir, hvítur, blár og rauður. Útlendingarnir eru rosalega hrifnir af þessu, sérstaklega þegar ég útskýri fyrir þeim Ísafjarðarmerkið. Þeir sjá þetta auðvitað ekki

strax en margir Íslendingar sjá strax að þetta er Ísafjarðarmerkið,“ segir Berglind.

Annar ekki eftirspurn

Berglind hefur ekki undan að prjóna Ísafjarðarpeysur en það liggja hjá henni pantanir sem hún hefur ekki komist yfir að klára. Það getur tekið allt að viku að klára eina peysu að fullu með öllum frágangi og þvotti. Það gengur heldur ekki svo glatt að finna fólk til að prjóna fyrir sig.

„Það er erfitt er að finna prjónakonur til að prjóna fyrir sig því þær eru svo ofboðslega uppteknar sjálfar og hafa nóg að gera í sínum prjónaskap. Maðurinn minn ætlar að athuga með prjónavél en peysurnar sem ég er að gera eru hringprjónaðar. Það þarf held ég að sauma allt saman sem kemur úr prjónavél svo peysurnar verða að vera prjónaðar í höndunum. Það er líka gæðamerki,“ segir Berglind um hvort ekki standi til að fá aðstoð við prjónaskapinn.

Stefnir á útgáfu



„Ég þrjóna hvert stykki sjálf en er að hugsa um að gefa út lítið blað með öllum uppskriftunum. Þetta eru fjórar peysur sem ég er með, það er opin peysa, opin með heftu, heil peysa og svo Ísafjarðarpeysurnar sem eru með stuttum rennilás upp frá brjósti en það er upprunalega Ísafjarðarpeysan. Unglingarnir vilja peysu með heftu og útlendingarnir vilja bara heilar peysur, þeim finnst það vera íslenskt,“ segir Berglind og skilur vel að margir vilji frekar fá uppskriftina en kaupa peysuna.

„Ísfirðingum og Íslendingum finnst dýrt að borga 21 900 fyrir svona peysu hótt

útlendingum finnst það ekki. Íslendingar vilja frekar þrjóna þetta sjálfir og ég myndi líka vilja það. Ef ég hefði ekki hannað þessar peysur, hefði ég líka viljað fá munstrið. Ég hefði ekki viljað kaupa peysuna sem ég gæfi þrjónað sjálf. Konur sem eru miklar þrjónakonur vilja bara þrjóna sjálfar. Það eru bara þeir sem geta ekki þrjónað, kunna það ekki og hafa engan til að þrjóna fyrir sig sem að myndu kaupa peysurnar,“ segir Berglind Sveinsdóttir sem ætlar að koma uppskriftum sínum út á meðal almennings og vonast til að sjá fleiri Ísafjarðarpeysur út um allt í framhaldinu.



Fundaröð SA um atvinnumál

FLEIRI STÖRF BETRI STÖRF!



ÍSAFJÖRÐUR - FIMMTUDAGINN 8. FEBRÚAR, KL. 12.00

Samtök atvinnulífsins efna til umræðufundar á Hótel Ísafirði um atvinnumálin. Fjallað verður um mikilvægi þess að skapa fleiri og betri störf á Íslandi á næstu árum.

Hvað þarf til?

Vilmundur Jósefsson, formaður SA
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA
Daniel Jakobsson, bæjarstjóri

Hvað finnst þér?

Umræður og fyrirspurnir.

Boðið verður upp á léttu hressingu.



SKRÁNING Á WWW.SA.IS

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

fanar@fanar.is 577 2020

FÁNASMÍÐJAN
www.fanar.is

Skoðið úrvalið á www.fanar.is

Vestfiskar gjafavörur

Vestfjarða klukkur sóma sér vel á hverju heimili

Ný lína hjá okkur borð fána kubbar

Hinir vinsælu hitaplattar, Tilvalin tækifærissgjöf

Hönnum og prentum boðs og gjafa kort

Starfsmaður óskast í gæðaeftirlit og verkstjórn

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., leitar að starfsmanni til að sinna gæðaeftirliti og aðstoða við verkstjórn í bolffiskvinnslu fyrirtækisins. Kostur er ef viðkomandi býr yfir þekkingu á tölum og gæðakerfum sem og enskukunnáttu.

Áhersla er lögð á jákvæðni og vandvirkni í vinnubrögðum, góða samskipta-færni, sem og reglusemi, stundvísi og árverkni.

Nánari upplýsingar veitir Sveinn K. Guðjónsson verksmiðjustjóri (GSM 863 3871) og óskast umsóknir sendar á skg@frosti.is fyrir 14. febrúar nk.



Nafn:

Steinunn Matthíasdóttir

Uppruni:

Fæddist á Gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði, dóttir Bolvíkings og Ísafirðings. Þjó fyrstu sex árin á Ísafirði og síðar eitt ár í Súðavík. Í dag er ég búsett í Búðardal. Á hverju ári eru Vestfirðirnir heimsóttir og síðustu árin hefur hringurinn oftast en ekki verið kláraður. Í minni orðabók þýðir heimsókn á Vestfirði a.m.k. stopp á Ísafirði og Bolungarvík. Þar á ég sterkar rætur - og auðvitað hafa ömmur og afar sterkt aðráttarafl.

Flickr-síða

flickr.com/photos/steinamatt

flickr

Af hverju ljósmyndun?

Ljósmyndun getur verið gott heimildaverkfæri og einnig gefið góða útrás fyrir listræna sköpun. Hún býður upp á óendanlega möguleika og ég held að það sé varla hægt að teljast fullnuma í greininni, það er endalaust hægt að læra eitthvað nýtt.

Fyrsta græjan?

Var Nikon D40 með 18-55 mm linsu.

Skemmtilegasta Kódak



Lækjarskógur í Dölum. Dæmi um Kodak moment á himni og Photoshop framköllun.



Holtsbryggja í Önundafirði: Þessi mynd er tekin á 30 sek. með 10 stoppa filter.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Háls-, nef- og eyrna- læknir á Ísafirði

Ólafur Guðmundsson, háls-, nef- og eyrna-
læknir verður með móttöku á Ísafirði dagana
13.-15. febrúar.

Tímamantanir í síma 450 4500 milli kl. 08:00
og 16:00 alla virka daga.

mómentlið?

Þau eru nokkur. Mér dettur t.d. í hug mynd af eyðibýlinu Lækjarskógi í Dölum. Myndina tók ég þegar ég var að keppa í liðakeppni á ljósmyndakeppni.is. Ég var að sækja börnin mín út í sveit og hitti þá á svo skemmtilegt sólsetur. Ég greip tækifærið

og renndi niður að Lækjarskógi og tók nokkrar myndir. Löngu seinna endurvann ég efni úr þessari töku og nýtti mér myndvinnslu til að ýkja það sem náttúran hafði annars upp á að bjóða þetta kvöld.

Hvað er í dótakassanum?
Nikon D7000, Nikkor 17-55

mm 2.8, Tokina 12-24mm, Nikkor 35mm 2.0, Nikkor 50mm 1.8, Sigma 70mm macro, ljós og reflector.

Á hvern skorar þú?

Mér finnst nærtækast að horfa til móður minnar, Bjarkar Gunnarsdóttur, en við höfum átt margar góðar ljósmyndastundir saman.

Sælkerar vikunnar eru Fanney Pálsdóttir og Ingvar Jakobsson á Ísafirði

Fiskisúpa fjölskyldunnar

Oft er mannmargt hjá okkur í fjölskylduböðum og fiskisúpan góða hefur oftast en ekki verið á boðstólum með ljúffengu paprikubrauði. Það góða við uppskriftina er að hægt er að skella í súpugrunninn kvöldinu áður og þá þarf einungis að bæta við sjávarfanginu rétt áður en súpan er borin fram. Einnig er hægt að hnoða upp í brauðin kvöldinu áður og skella í ofninn hálf tíma fyrir veisluna. Bragðgóð veisla á stuttum tíma.

Fiskisúpa fjölskyldunnar

Tvær dósir Hunt's original garlic
6 bollar vatn
Bollu saxaður laukur
Bollu gulrætur

Bollu sellerí
Bollu paprika
½ lítri rjómi
Kjúklingateningur
2 msk púðusykur (má sleppa)
1200 gr ýsa
500 gr rækjur
500 gr hörpudiskur

Steikið skorið grænmetið. Tekinn fram góður pottur, vatnið, Hunt's sósan, rjómi og kjúklingateningurinn sett í pottinn og grænmetið sett saman við, soðið í 15-20 mín. Ýsunn bætt í súpuna og soðið í fimm mínútur í viðbót. Hörpudiskurinn klofinn í tvennt og skellt smá stund á sjóðheita pönnu með rækjunum, kryddað með sitrónupipar og sett í súpuna rétt áður en hún er borin fram.

Þetta er þannig súpa að hún

verður bragðbetri við hverja upphitun.

Paprikubrauð með sólpuurkuðum tómötum

30 gr pressuger eða 2 tsk þurrger
2 ½ dl volgt vatn
1 laukur
75 gr. sólpuurkaðir tómatar
1 lítil rauð paprika
1 ½ tsk salt
1 tsk sykur
550 gr. hveiti
2 tsk ólífuolíu

Leysið gerðið upp í 2,5 dl. volgu vatninu. Saxið laukinn, klippið sólpuurkuðu tómata í smábita og sjóðið saman í vatni í 2-3 mín. Hellið vatninu af og saxið papriku



una. Hrærið laukblöndu, papriku, salt og sykur saman við uppleyst gerðið. Hrærið hveiti út í smám saman og hnoðið vel. Skál smurð með ólífuolíu og deiginu velt upp úr, plastfilma sett yfir og látið hefast í klukkustund. Deigið hnoðað upp aftur og mótuð tvö kringlótt brauð, látið hefast aftur

í 30 mín. Klippið aðeins ofan í deigið og bakið í 200° heitum ofni í 25-30 mín.

Gott að tvöfalda uppskriftina fyrir stærri veislur

Við skorum á Dagný Finnbjörnsdóttur húsmóður í Hnífsdal að vera matgæðingur í næstu viku.



Norðurljós í Haukadal.



Dagbjört María: Yngsta barnið mitt sat fyrir með kanínu sem við fengum lánaða í myndatöku, mjög skemmtileg stund hjá okkur báðum. Texture í eftirvinnslu til að breyta lit á bakgrunni.



Ártindar í Dölum: Fyrsta og eina skiptið sem ég hef prófað að skipta út himni á mynd.

NÚ ERUM VIÐ KOMNIR MEÐ 14 TOMMU PIZZUR Á TILBODI ALLA HELGINA (7.-11. FEB) KR 1.990

PANTANASÍMI 456 8335 *Rizzo*
PIZZAHLAÐBORD - ALL YOU CAN EAT -
ALLA FÖSTUDAGA FRÁ KL 18-21 KR 1.750

Erum líka með
pool og dart



Edinborg
Bistro-Café-Bar

Edinborg dagskrá:

Helgin: 9.-10. feb

Föstudagur:

Bjórbingó kl 23

Laugardagur:

Kittó og Krúttbomburnar, LIVE frá kl 23-1

Kittó Dj frá 1-3

Helgin 15.-16. feb

Föstudagur:

Bjórbingó kl 23

Laugardagur:

Dj Diggeti Dú heldur uppi stuðinu til 3

Helgin 22.-23. feb

Föstudagur:

Bjórbingó kl 23

Laugardagur:

DJ Gló með mega '80 stemmingu

Helgin 1.-2. mars

Föstudagur:

Bjórbingó kl 23

Björn Thoroddsen Gitarium Forte

(nánar augl. síðar)

Laugardagur:

Dj Diggeti Dú heldur uppi stuðinu til 3



HVÍTLAUKSBRAUÐ



PEPPERONI PIZZA



SKINKU PIZZA



MARGARITA
ostur, sósa



ISLAND

skinka, sveppir, ananas,
rjómaostur, hvítlaukur



TOSCANA

pepperoni, jalapeno,
svartar ólífur, sveppir,
ananas, hvítlaukur,
origano, rjómaostur



PRIMA DONNA

beikon, pepperoni, skinka,
rjómaostur, origano

Dreymir um að vera með flugvél á Ísafirði

Ívar Atli Sigurjónsson er tvítugur Ísafirðingur í flugnámi. Hann stefnir á atvinnuflugnám í haust. Nú er hann starfsmaður farþegaþjónustu á Ísafjarðarflugvelli.

Af hverju flug?

Það liggja fjöladamargar ástæður fyrir þessu áhugamáli, það er í fyrsta lagi mjög skemmtilegt að fljúga, hvort sem það er á góðum sumardegum eða köldum og vetrardegum.

Það að sjá landið að ofan er eitthvað svo miklu meira spennandi. Maður nær að sjá miklu stærra hluta landsins á styttri tíma heldur en ef maður væri t.d. að ferðast um á bíl og komist nær mörgum stöðum.

Flugið er líka eitthvað sem að ég hef alltaf stefnt að og dreymt um, allt frá því að ég



Fedgar á flugi. Sigurjón Kr. Sigurjónsson fór í flug með syni sínum Ívari Atla.

var sirka 6 ára gamall en líklega byrjaði áhuginn þegar að ég var alltaf að leika mér með flugvélamódel sem að ég var að safna mér.

Það skemmdi líka ekki fyrir að búa í Kjarrholtinu inni í Holtahverfi en þar sá maður oft Fokker flugvél Flugfélagsins taka aðflugsþyngjuna frágu í átt að flugbrautinni, maður var alltaf að þæla í því hvernig svona stórt tæki gætu flogið.

Hvert stefnirðu?

Stefnan hjá mér er sett á atvinnuflugið núna, og er ég að fara í bóklega námið núna í haust, síðan er draumurinn að komast í gott starf, ferðast á skemmtilega og

framandi staði og lenda í skemmtilegum hlutum.

Hefðu fengið flughræðan einstakling með þér upp í vél?

Já, ég hef tvisvar sinnum farið með lofthrædda einstaklinga með mér í flugvél síðan ég lauk einkaflugmannsprófinu nú í sumar, það gekk bara mjög vel, en ég var ekki var við hræðsluna í þeim farþegum. Maður reynir auðvitað að gera flugið sem þægilegast fyrir farþegana sem eru um borð og forðast að fljúga í ókyrrum veðrum og aðstæðum með þá.

Eru foreldrar þínir rólegir vitandi af þér í loftinu?

Já það held ég, ég hef að minnsta kosti ekki orðið var við annað og er pabbi búinn að fara með mér í loftið, en ég hef bara fundið fyrir jákvæðum viðbrögðum frá þeim varðandi flugnámið nema kannski þegar kemur að fjárhagslegu málunum.

Flugnám er eins og margir kannski vita mjög dýrt og getur það verið óttalegt hark að næla sér í atvinnu sem flugmaður og þar með gengur dæmið ekki upp samanborið við venjulegt nám, en þau eru oft að reyna að tala fyrir mér vitinu og segja mér að fara bara í háskólann. En þau hafa alltaf stutt mig í náminu og held ég að ég

gæti ekki verið í þessu nema með góðum stuðningi frá þeim.

Er jafn erfitt að lenda á Ísafjarðarflugvelli og maður hefur heyrt?

Að lenda á Ísafjarðarflugvelli á lítilli rellu er voðalega svipað hefðbundnu aðflugi og t.d. í Reykjavík þó þarf að bera sérstaka virðingu fyrir veðrinu hérna.

Mín reynsla af því að lenda á Ísafjarðarflugvelli er því miður ekki mikil enn sem komið er, en ég hef framkvæmt fjórar landingar og flugtök á Ísafjarðarflugvelli. Mér fannst það ekki mjög frábrugðið öðru aðflugi sem ég hafði framkvæmt en þó

Síðan 1935
★ **Ísafjarðarbió** ★
Elsta samfelld starfandi bió á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Isafjarðarbió skemmtun.is

WITCH HUNTERS
SÝND | 2D MI/ÍSL TEXTA OG | 3D ÓTEXTUÐ
FÖSTUDAG 8. FEB KL 8 Í 2D
FÖSTUDAG 8. FEB KL 10.15 Í 3D

BULLET TO THE HEAD
HÖRKUHASAR MI/STALLONE
LAUGARDAG KL 8

TILNEFND TIL 5 ÓSKARSVERÐLAUNA
ÞAR Á MEDAL BESTA MYNDIN
SUNNUDAG OG MÁNUDAG KL 8

ZERO DARK THIRTY
10 ÁRA LEIT AÐ HÆTTULEGASTA MANNI Í HEIMI
FROM THE ACADEMY AWARD WINNING WRITER AND DIRECTOR OF THE HURT LOCKER

Verslunarrými til leigu í hjarta bæjarins

Austurvegur 2, Ísafirði - miðhluti verslunarnúnaðis á 1. hæð. Fastanúmer: 211-9164. 90 m². Upphaf leigutíma: Laust nú þegar.

Nánari upplýsingar gefur Fasteignasala Vestfjarða í síma 456 3244.



Skrifstofurými til leigu í hjarta bæjarins

Hafnarstræti 1-3, 3. hæð í Stjórnsýsluhúsi. Fastanúmer: 211-9617, 114,7m² Upphaf leigutíma: Laust nú þegar.

Nánari upplýsingar gefur Fasteignasala Vestfjarða í síma 456 3244.



voru ýmsir hlutir sem framkvæmdir voru öðruvísi heldur en á hefðbundnum flugvelli, ég var undir leiðsögn flugkennara þegar að ég flaug hérna fyrir vestan en mig dreymir um að geta verið hér með flugvél og að getað flogið hér um og boðið fjölskyldu og vinum í flugferð um Vestfirðina.

Varstu smeykur við að fljúga í fyrsta skipti einn?

Nei, ég var ekki mjög smeykur enda var ég vel undirbúinn fyrir það af flugkennaranum mínum. Ég flaug mitt fyrsta sólóflug þann 18. október árið 2011 í Reykjavík en fyrsta sólóflugið er þannig að flugkennarinn hoppar úr vélinni og segir þér að taka þrjú flugtök og landingar á flugvellinum.

Mitt sólóflug tókst bara vel og held ég að þetta sé effirminnilegasti atburðurinn í mínu lífi enn sem komið er.

Hversu langt er námið? - Hvert er framhaldið hjá þér?

Lengd námsins fer svolítið effir einstaklingunum, hversu duglegir þeir eru. Fyrsta skrefið er að fara í einkaflugmannsnám sem að tekur allt frá hálfu ári upp í eitt og hálf ár og skiptist upp í bóklegan hluta og verklegan hluta. Bóklegi hlutinn tekur 10 vikur hjá Flugskóla Íslands og



verklegi hlutinn veitur mikið

á veðráttu og ákefð nemandans í að fljúga. Með einkaflugmannspróf mátt þú fljúga með vini og vandaðmenn á litlu vélunum.

Atvinnuflugnámið er næsta skrefið og skiptist það sömu leiðis upp, bóklegi hlutinn er 9 mánuðir og síðan tekur við verklegur hluti sem að hægt er að ljúka á hálfu ári ef viðkomandi einstaklingur er duglegur svo að heildartíminn sem þú ert í skólaflokknum að læra er u.þ.b. eitt ár en þegar þú hefur lokið atvinnuflugmannsprófið ertu kominn með í kringum 200 flugtíma og ágætán reynslubanka.

Ray-Ban?

Ray Ban eru flott sólgleraugu sem að ég held að allir flugmenn verði bara að eiga, það er bara nauðsynlegt að eiga góð sólgleraugu þegar maður er að fljúga og standast Ray Ban þær kröfur flugmanna. Ég held að Ray Ban framleiðandinn standi í ævarandi þakkarskuld við Tom Cruise effir að hann var með Ray Ban gleraugu í flugmyndinni Top Gun.

Hvernig getur maður fengið upplýsingar um námið?

Ég hvet alla þá langar að læra að fljúga eða bara að prófa að fljúga að kynna sér námið nánar til dæmis á vefsíðu Flugskóla Íslands, www.flugskoli.is.

Þjónustuauglýsingar

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9

Opíð
10-18
alla
virka
daga

Hárkompaní
sími 456 6363



**Öll almenn
húsasmíði**

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



ÚTBOÐ

VERKTAKAR OG IÐNAÐARMENN ATH!
GÖGNIN ERU KOMINN Á NETIÐ
15310 ÞJÓNUSTA IÐNAÐARMANNA OG
VERKTAKA, VIÐHALDSVERK

Um er að ræða þjónustu iðnaðarmanna og verktaka við viðhald, endurnýjun og viðbætur á fasteignum ríkisins. Óskað er effir þjónustuaðilum í öllum landshlutum

Iðnreinarar sem um ræðir eru effirfarandi, auk aðalverktöku:

- **Blikksmíði**
- **Dúklagningu**
- **Málun**
- **Málmiðnaði (aðra en blikksmíði)**
- **Múrverki**
- **Pípulagningu**
- **Rafiðnaði**
- **Skrúðgarðyrkju**
- **Trésmíði**

Ríkiskaup vekja sérstaka athygli iðnaðarmanna og verktaka á mikilvægi þátttöku þeirra fyrir ríkisstofnanir.

Nánari upplýsingar er að finna í útboðsgögnum á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is,

Skilafrestur og opnun tilboða er 06. mars 2013. kl. 14:00.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Trésmíður ehf - Magnús Helgi Alfreðsson



húsasmíðameistari Austurvegi 7
(verkstæði Suðurtanga) Ísafirði

Símar: 897 6775 / 899 0742
Sími/Fax: 456 4075
Netfang: gistias@snerpa.is

Húsasmíði - sérsníði - viðgerðir - nýsmíði: T.d. gluggar, hurðir, stigar, húsgögn, hús, físhjallar og trébátar. Öll almenn trésmíði. Geri verðtilboð.



Hreint umhverfi

Þjóðum vandað úrval Svansmerktra hreinlætisvara, hreinlætispappírs og hreinsiefna.



BOLUNGARVÍK
Sími 456 7990 | bolungarvik@olis.is



Gámaþjónusta
Vestfjarða ehf

ÁSINN

2x10 lítra
á sleða + karfa.
Mál: 25 x 38/35cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is





Boltinn í beinni...

Föstudagur 8. febrúar

kl. 19:40 Watford - Crystal P.

Laugardagur 9. febrúar

kl. 12:35 Tottenham - Newcastle
 kl. 14:45 Sunderland - Arsenal
 kl. 14:53 Norwich - Fulham
 kl. 14:53 Chelsea - Wigan
 kl. 14:53 Stoke - Reading
 kl. 17:15 Southampton - Man City

Sunnudagur 10. febrúar

kl. 13:20 Aston Villa - West Ham
 kl. 15:45 Man. Utd - Everton

Mánudagur 11. febrúar

kl. 19:50 Liverpool - WBA

Þriðjudagur 12. febrúar

kl. 19:30 Celtic - Juventus
 kl. 19:30 Valencia - PSG

Miðvikudagur 13. febrúar

kl. 19:30 Real M. - Man. Utd.
 kl. 19:30 Shaktar D. - Dortmund

Fimmtudagur 14. febrúar

kl. 16:55 Zenit - Liverpool
 kl. 17:55 Sparta P. - Chelsea
 kl. 20:00 Tottenham - Lyon

Dagar Íslands...

7. febrúar 1974: Concorde þota lenti í fyrsta sinn á Keflavíkurlugvelli. Á leiðinni frá Frakklandi flaug hún á tvöföldum hljóðhraða.

8. febrúar 1925: Halaveðrið. Tveir togarar, Leifur heppni og Robertsson, fórust á Halamiðum og með þeim 68 menn. Í sama veðri fórst vélbátur með sex mönnum og fimm manns urðu úti.

9. febrúar 1984: Lónaðar-bankaránið. Maður með lambhúshettu yfir höfðu rændi á 400 þúsund krónum í útibúi bankans í Breiðholti að starfsfólki viðstöddu. Málið upplýstist ekki.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Sunnanátt, 8-15 m/s. Slydda og síðar rigning sunnan- og vestanlands, annars þurr.

Horfur á laugardag:

Sunnan- og suðaustanátt og vætusamt sunnan- og vestanlands en bjartviðri NA-til. Hiti í kringum frostmark.

Horfur á sunnudag:

Sunnan- og suðaustanátt og vætusamt Svipaður hiti.

Krossgátan

	Maður		Fljóta Leifar	Samst. Leikföngin	Ófugur tvíhlj. Kall	Tala	Klökka		Tákn
	→						Smáorð		
	Plægja					Pytt			
	lön Tónverk				✓		Sömu		
Jón Steingr.	↓	Illæri Eðlisfar							
		Spyrja							
Ísl.st.						Tala		Tönn	
Brátt						Vindar		Slá út Afgjaldið	
↙				Rólegur					Skrukka Rugga
				Seinkun					
Snúningar Innyfli Helsi									
Kona				Fljót			↓	Drykkur	
				Arfleitt					
Einn		Mörg	✓		Stampar				
		Stúfur			Slökkna				
Farði	↓					↑	Óþekkt		✓
Aftra									
↙			Bar á				Eins um E		
			Beisli				Sérhlj.		
Beljaka			Örin						
			Tala						
Hjal	↘					↗	Ótta		
	Upphr.					Beita	Frag		✓
↙			Samtök Þoldi						
			Flókt						
Falið					Spaug				
Endst					Átt				
↙					Hverfill				



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
 Strandgötu 7b
 400 Ísafirði
 Sími: Þórhallur 848 2087
 Sími: Magnús 862 3122
 www.geirnaglinn.is



HRADFRYSTIHÚSID-GUNNVÖR HF.
 - sjálfbær niðing sjávarauðlinda



Gaf Háskólasetrinu tvo vinnustóla

„Ég er sjálf í háskólanámi og styðst við svona vinnustól heima fyrir. Tryggingastofnun greiðir aðeins fyrir einn stól á hvern einstakling og því gat ég ekki verið með stólinn í skólanum, en hann er mér mjög mikilvægur“ segir Ingibjörg Snorradóttir íbúi á Ísafirði, en hún og eiginmaður hennar Hávarður G. Bernharðsson gáfu Háskólasetri Vestfjarða tvo vinnustóla. Umræddir vinnustólar eru gríðarlega mikilvægir fyrir námsmenn með skerta hreyfigetu. Ingibjörg ákvað að ganga fyrirtækja á milli á Ísafirði og safna fyrir tveimur stólum, enda telur hún nauðsynlegt að Háskólasetrið búi yfir slíkum vinnustólum. Stólarir voru afhentir Peter Weiss forstöðumanni Háskólasetursins í hádeginu á föstudag.

Ingibjörg leggur stund á fjarnám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Hún segir fyrirtæki á Ísafirði hafa verið einkar liðleg og það sama megi segja um Öryggismiðstöðina, sem sló rækilega af verði stólanna. „Við viljum koma á framfæri þakklæti til allra sem tóku þátt í þessu með okkur hjónum í söfnuninni og studdu við bakið á þessari hugmynd,“ segir Ingibjörg, en annar stólanna verður staðsettur í Fræðslumiðstöð Vestfjarða og hinn í Háskólasetri Vestfjarða.



Ingibjörg Snorradóttir háskólanemi og Hávarður G. Bernharðsson eiginmaður hennar ásamt Peter Weiss forstöðumanni Háskólasetursins og Guðrúnu Sigríði Matthíasdóttur móttökuritaru.

Lausn á síðustu krossgátu

Jón Steingr.	V			Æ	K						
	E	I	G	I	⇒	S	K	A	L	↘	S
	I	N	U		Á	I	N	N		S	T
S	N	U	Ð	A	R		É	T	S	K	Ó
	D	R	A	M	B	I	Ð		K	U	L
	Æ		R	A	L	L		E	R	T	A
	M	I		F	I	M	M	T	Í	U	
V	I	Ð	V	I	K		E	N	N	R	Á
	N	R		L		A	N	A		I	L
	↓	A	S	M	I	N	N		E	N	N
	E	S	J	A		G	I	L	I	N	U
U	R	T	A	N	L	I	N	A	Ð	↓	M
	U		L		Y	S	G	U	M	E	
	↘	V	E	R	S	T		S	Ó	F	A
	U	M	R	Ó	T		S	N	A	T	T
Ó	N		F	L	U	G	A		R	I	T
	D	A	J	G	G	I	L	↔	R	😊

Sudoku þrautir

				8	9			
6		1				2		
		5	1	2			4	9
	2				7			
	8			1			5	
			9				7	
3	4			9	1	8		
		9				6		1
			6	3				

	4		1					8
1			8		2	9		
		3	7					1
		7						6
4	9			3				8
	3					1		
	1				9	2		
		4	3		8			1
2					7			3

Komdu og gerðu góð kaup!

Frábært verð á sófum, hægindastólum og heilsurúmum.



Cleveland tungusófi

Verð aðeins **kr. 139.900**

Breidd 231 cm x Hæð 81 cm x Tunga 140 cm

Einnig fánlegur með svörtu textíl-leðri.

MILANO

hægindastóll á frábæru tilboði

Verð aðeins

kr. 43.900



NATURE'S REST heilsurúm

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²

160 x 200 cm.

Aðeins

Kr. 122.900

180 x 200 cm.

Aðeins

Kr. 135.900



**Betra
BAK**

www.betrabak.is

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga kl. 12⁰⁰-18⁰⁰
og laugardaga kl 11⁰⁰-13⁰⁰